

Orkufjarskipti hf.
Guðbjörn Þór Óskarsson
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Hafnarfjörður 10. apríl 2024
Tilv. 2024-02-12-0205/2.3.1

Efni: Varðar þverun með ljóðsleiðararöri og 11kV rafstreng yfir Þjórsá og Skarfanesslæk (Litlálæk)

Í umsókn dagsettri 12. febrúar síðastliðinn leitar Orkufjarskipti hf. eftir heimild til að þvera með ljóðsleiðararör og 11kV rafstreng yfir Þjórsá (staður: 64.078371°, -19.865829°) og Skarfanesslæk (Litlálæk) (staður: 64.062501°, -20.010367°) í Rangárþyngi ytra. Gert er ráð fyrir að plægja rörið og strenginn niður í botn ána. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn stjórnar veiðifélags Þjórsár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Áhrif þverunar með þeim hætti sem lýst er eru einkum vegna röskunar á botni og gruggunar árvatnsins á meðan framkvæmdunum stendur. Þá geta veitingar vatns úr farvegi á framkvæmdarstað haft tímabundin neikvæði áhrif og ætti að takmarka þær eins og kostur er. Framkvæmdirnar geta valdi röskun á búsvæðum og afföllum seiða og annarra lífvera sem lifa í vatni. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á fiskgengd, veiðimöguleika og viðgang stofna síðar. Benda má á að ef þverun er framkvæmd á veiðitíma er viðbúið að truflun geti orðið á veiðinýtingu, einkum vegna gruggs. Grugg getur einnig haft neikvæð áhrif á ferðir gönguseiða á leið til sjávar sem er að öllu jöfnu að vorlagi og fram á sumar (maí til júní).

Framkvæmdin mun valda tímabundnum og staðbundnum áhrifum á vatnafar og lífríki.“

Einnig kemur fram:

„Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla og tjarna svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía, sement, steypa, smit frá vinnuvélum og tækjum eða önnur skaðleg efni berist í eða við vatn.
- 3) Takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um vatn og vatnsfarvegi eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

[...]

Um er að ræða framkvæmdir við mikilvæga innviði og ef farið verður með gát við framkvæmdir má búast við því að áhrifin verði staðbundin og tímabundin og að þau verði hlutfallslega lítil þegar litið er til viðkomandi vatnakerfis í heild.“

Stjórn Veiðifélags Þjórsár gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.



Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Orkufjarskipti hf. þveri með plægingu ljóðsleiðararör og 11kV rafstreng yfir Þjórsá (staður: 64.078371°, -19.865829°) og Skarfaneslæk (Litlálæk) (staður: 64.062501°, -20.010367°) í Rangárþyngi ytra. Fiskistofa leggur áherslu á að farið verði eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar vegna framkvæðarinnar og að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Tekið verði mið af atriðum 1) – 5) í umsögn Hafrannsóknastofnunar hér að framan við framkvæmdina. Einnig verði haft samráð við tengilið Veiðifélags Þjórsár um tímasetningu framkvæmdarinnar. Heimildin gildir til 11. apríl 2025.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (24.500 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1700/2023. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- Uppfylla þarflagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Sumarliði Óskarsson
Lax- og silungsveiðisvið